

## **Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 4. maí 2004**

### **Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns SA**

Forsætisráðherra, góðir fundarmenn.

#### **Árangur í efnahagsstjórn**

Við Íslendingar erum meðal tíu tekjuhæstu þjóða heims, þegar litið er til verðmætasköpunar á hvern íbúa. Árum saman hefur hagvöxtur verið meiri hér á landi en hjá flestum öðrum þjóðum og undanfarið eitt og hálf títalín ár hefur verðbólga verið lægri hér en í ríkjum evrópska efnahagssvæðisins að meðaltali. Meiri friður hefur ríkt á almennum vinnumarkaði en löngum áður og kjarasamningar hafa verið gerðir til langs tíma. Kaupmáttur hefur aukist um þriðjung á átta ára tímabili, litið er til lífeyriskerfis okkar sem fyrirmyndar víða um heim og atvinnuleysi er minna hér en víðast hvar í nágrannalöndum okkar. Erlend fjárfesting fer vaxandi samhliða mestu framkvæmdum Íslandssögunnar, fyrirtæki búa við gott samkeppnishæft skattaumhverfi og aukið frelsi á fjármagnsmarkaði og einkavæðing ríkisfyrirtækja hafa leyst úr læðingi drifkraft í efnahags- og viðskiptalífi landsmanna, er sækir nú fram sem aldrei fyrir.

Aukin framleiðni er forsenda fyrir auknum kaupmætti launa og bættum hag. Vísbendingar eru um, að framleiðni vinnuafis hafi aukist mikið undanfarin ár. Samanburður á aukinni landsframleiðslu og unnum vinnustundum síðastliðin tvö ár gefur til kynna, að framleiðni hafi aukist um 8-9%. Það er óvenju mikil aukning, hvort sem litið er til okkar eigin sögu eða annarra þjóða. Rannsóknir sýna, að framleiðni vex jafnan við upphaf efnahagsbata í hagkerfinu, þegar vannýtt framleiðslugeta er tekin í notkun. Hlutfallsleg fækkun vinnustunda undanfarin tvö ár bendir til þess, að vinnusparandi fjárfesting fyrri ára hafi komið betur fram síðustu misseri. Sú framleiðniþróun rennir stoðum undir þá trú, að atvinnulífið geti til frambúðar staðið undir þeim kjarabótum, sem landsmenn hafa notið undanfarin ár.

Hér er vissulega dregin upp fögur mynd og er nauðsynlegt að halda henni til haga. Hafa ber þó í huga, að hún segir ekki alla söguna. Mikill hagvöxtur síðasta ár, sem metinn er til fjögurra prósent, einkenndist af stöðnun eða samdrætti útflutningsgreina og vaxandi viðskiptahalla. Samkeppnisstaða atvinnulífsins er erfiðari nú en hún hefur verið um langt árabil. Raungengi á mælikvarða launa, sem Seðlabankinn reiknar og felur í sér samanburð á breytingu launakostnaðar hér á landi við viðskiptalönd Íslands, er hærra en það hefur verið undanfarin 10 ár. Ef að líkum lætur, mun raungengið hækka enn á þessu ári og þarf að leita aftur til ofpensluáranna fyrir rúmum einum og hálfum áratug til þess að finna hærra raungengi en stefnir í á þessu ári. Það er vissulega mikið áhyggjuefni, þar sem hátt raungengi veldur því, að íslensk framleiðsla og þjónusta fara halloka í samkeppni við erlendar atvinnugreinar og kunna því annað hvort að leggjast af eða flytjast úr landi. Þessu til viðbótar hefur verið útfluttra sjávarafurða farið lakkandi að undanfögnu og er nú 5% lægra í krónum talið og 3% lægra í erlendri mynt en raun var fyrir ári síðan.

Það er fleira í hámarki en raungengið. Skuldir landsmanna, bæði heimila og fyrirtækja, eru sömuleiðis í sögulegu hámarki. Vaxtamunur miðað við útlönd hefur

vaxið, þar sem stýrivextir hafa lækkað í samkeppnislöndum, og enn hefur ekki tekist að koma böndum á vöxt samneyslunnar. Það er því ljóst, að enn er verk að vinna, eigi okkur að takast að sækja áfram fram í efnalegu tilliti á næstu árum.

Þensluáhrif stóriðjuframkvæmda hafa til þessa reynst minni á íslenskt efnahagslíf en upphaflega var ætlað. Á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins á síðasta ári var á það bent, að áhrif stóriðjuframkvæmda kynnu að vera ofmetin, þar sem minna væri gert úr jákvæðum áhrifum af aðild Íslands að samevrópskum vinnumarkaði og háu tæknistigi framkvæmdanna en efni væru til. Á það var jafnframt bent, að miklu skipti að gæta aðhalds í opinberum útgjöldum, svo koma mætti í veg fyrir vaxtahækkunir, sem leiddu til versnandi afkomu atvinnuveganna. Ennfremur þyrfti að stuðla að greiðum aðgangi erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði meðan á umfangsmiklum framkvæmdum stæði. Nú, þegar undirritaðir hafa verið samningar um stækkun Norðuráls, eykst enn mikilvægi þess að gæta aðhalds í útgjöldum ríkis og sveitarfélaga, þar sem afar brýnt er að sporna gegn mögulegri þenslu, sem leiddi til hækkunar verðlags og vaxta.

### **Kjarasamningar**

Hóflegar launahækkunir og stöðugleiki á vinnumarkaði eru ein mikilvægasta undirstaða efnahagslegs stöðugleika. Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum vikum og mánuðum gert nýja kjarasamninga við flest stærstu stéttarfélög á almennum vinnumarkaði. Fyrstu samningar, sem náðust í yfirstandandi samningalotu, voru við Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið. Fyrri samningar þessara aðila voru lausir um síðustu áramót, en skrifað var undir nýja kjarasamninga 7. mars síðastliðinn. Í kjölfarið náðust samningar við Rafiðnaðarsamband Íslands, um vinnu við virkjanaframkvæmdir, við Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Matvæla- og veitingasamband Íslands og nú síðast við Samband iðnfélaga síðastliðinn fimmtudag. Allir þessir samningar gilda til ársloka 2007, ef forsendur um verðlagsþróun og samninga annarra halda, en það verður athugað í nóvembermánuði 2005 og 2006. Með þessum samningum hefur verið samið við öll landssambönd ASÍ önnur en sjómannasamtökin, en auk þess er ýmsum samningum við minni hópa ólokið. Mikið er í húfi að niðurstaða náist án átaka í þeim viðræðum, sem framundan eru, á sama hátt og tekist hefur til þessa.

Kjaramál fiskimanna hafa jafnan reynst erfið úrlausnar, og er þar skemmst að minnast sjö vikna verkfalls á fiskiskipaflotanum árið 2001. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það tjón, sem slíkir atburðir hafa fyrir þjóðarbúið. Er sennilegt, að verkfallið hafi meðal annars átt þátt í að íta undir mikið gengisfall krónunnar á þeim tíma, sem setti kaupmátt launafólks í uppnám um skeið. Það vekur þó vissulega vonir nú, að samningsaðilar deila ekki um verðmyndun á sjávarfangi að þessu sinni, heldur snúast umræður um það, hvaða áhrif fjárfesting og tæknibreytingar í fiskiskipum eigi að hafa á hlut áhafna í tekjum skips. Einsýnt er, að færri skip munu veiða aflann í næstu framtíð, en framfarir verða án efa takmarkaðar í greininni, ef fjárfesting í skipum og tæknibúnaði nýtur ekki aukins hlutar tekna. Lægra skiptahlutfall á að gefa sjómönnum hærri tekjur með bættu skipi og búnaði. Útilokað er, að það gerist með hækkun á hlutfallslegum launakostnaði í fiskveiðum, sem er mun hærri hér á landi en almennt tíðkast hjá samkeppnisþjóðum okkar.

Ágæt sátt virðist ríkja um niðurstöðu kjarasamninga á almennum markaði. Samningarnir marka varanleg spor til langrar framtíðar, þar sem meðal annars er samið um aukið framlag til lífeyrissjóða og aukinn sveigjanleika á ýmsum sviðum. Ekki verður þó hjá því litið, að enn vex launakostnaður með nýjum kjarasamningum hraðar hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Úr þeim mun hefur þó dregið og mun enn frekar draga á samningstímanum. Það er ekki síst að þakka vaxandi skilningi á því, að hóflegar launahækkunar skila mestum kaupmáttarauka svo sem reyndin sýnir. Nýgerðir kjarasamningar við verkafólk fela í sér 15% kostnaðarhækkun á fjögurra ára samningstíma. Fyrstu tvö árin verður kostnaðarhækkun með launaskriði í svipuðum takti og verið hefur síðustu tvö árin, en undir lok samningstímans ætti árleg kostnaðarhækkun að komast undir 4% og þar með nær því sem gerist í næstu nágrannalöndum okkar. Það ber þó að hafa í huga, að undanfarin misseri hefur enn dregið úr árlegum launahækkunum í öðrum löndum og hefur meðaltal í OECD ríkjum þannig lækkað úr 3,1% á ári í 2,7%. Það er mat stjórnar samtakanna, að samhliða samkeppnishæfu starfsumhverfi skapi nýgerðir kjarasamningar skilyrði til áframhaldandi sóknar í íslensku atvinnulífi og leggi þannig traustan grunn að frekari lífskjarabótum fyrir alla landsmenn.

Sá stöðugleiki, sem nýir kjarasamningar leggja grunn að, er atvinnulífinu vissulega mikils virði og er því afar brýnt, að forsendur samninganna haldi. Þá er afar brýnt, að hið opinbera stilli sínum kjarasamningum innan þess ramma, sem nú hefur verið markaður með samningum á almennum vinnumarkaði. Þeir kjarasamningar, sem að undanförunu hafa verið gerðir á almennum vinnumarkaði, byggja á þeim forsendum, að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþröng Seðlabanka Íslands og að sú launastefna og þær kostnaðarhækkunar, sem í samningunum felast, verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Árum saman hefur hið opinbera, sem byggir á skattlagningu atvinnulífs og almennings, haft forystu um kostnaðarhækkunar í launum og öðrum starfskjörum, sem atvinnulífið getur ekki fylgt eftir og verður þeirri þróun að linna. Það eru í raun sameiginlegir hagsmunir allra landsmanna, að það takist, því til þess er með ebgum móti hægt að ætlast, að samningar landssambanda ASÍ standi óbreyttir, ef aðrir geta samið um meira. Þess vegna er það ein af forsendum þeirra kjarasamninga, sem gerðir hafa verið, að þeir marki meginlínur um það, sem samið verður um á öðrum vettvangi.

### **Framlag stjórnvalda**

Kjarasamningar þeir, sem Samtök atvinnulífsins gerðu við Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið í marsmánuði síðastliðnum, hafa markað meginramma þeirra samninga, sem síðar voru gerðir og framundan eru. Aðkoma ríkisstjórnarinnar á lokastigi samningsgerðar liðkaði verulega fyrir farsælli niðurstöðu á þeim tíma. Það á ekki síst við um starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og stéttarfélaganna, en Atvinnuleysistryggingasjóður mun alls greiða 410 milljónir króna til þeirra á samningstímabilinu, samhliða því sem bein framlög atvinnurekenda koma til í áföngum og verða 0,15% af launakostnaði frá 1. janúar 2007. Það er samdóma álit samningsaðila og annarra, sem til þekkja, að mjög vel hafi til tekist með starfsemi starfsmenntasjóðanna og að grettistaki hafi verið lyft í starfsfræðslumálum launafólks á síðasta samningstímabili. Þeim hafa opnast ný tækifæri til að auka færni sína og möguleika á tilfærslu í störfum á vinnumarkaði, þar sem gerð er vaxandi krafa um aukna framleiðni og samkeppni.

Framlag stjórnvalda á sviði fræðslumála er þannig nú sem fyrr mikilvægt innlegg í gerð kjarasamninganna. Langmikilvægasta framlag stjórnvalda til samninganna felst þó í því að leggja grunn að þeim stöðugleika, sem íslenskt atvinnulíf hefur búið við. Sá stöðugleiki endurspeglast annars vegar í því, að til langs tíma hefur í aðalatriðum ríkt sátt um megináherslur í starfsumhverfi fyrirtækja. Atvinnulífið hefur ekki þurft að kljást við íþyngjandi kerfisbundnar breytingar, en hefur þess í stað notið afkomubætandi breytinga á borð við skattalækkanir, einkavæðingu ríkisfyrirtækja og aukið frelsi til athafna. Hins vegar endurspeglast sá stöðugleiki í því, að nú er hægt að gera kjarasamninga til fjögurra ára, sem hvíla á þeirri forsendu, að verðlag þróist í samræmi við markmið Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu að jafnaði á samningstímanum. Hvort tveggja leggur grunninn að því, að nú er í fyrsta skipti unnt að gera þriðja sinni kjarasamninga til lengri tíma – nú til fjögurra ára. Ekki er svo ýkja langt síðan, að það hefði þótt mikil bjartsýni - í öllu falli hefði þótt fráleitt að miða við þau verðbólgu markmið, sem nú hafa verið sett.

Samningar um skilvirkar launahækkanir til nokkurra ára í senn verða ekki gerðir án stöðugleika í efnahagsumhverfi. Þjóðarsáttarsamningarnir 1990 mörkuðu ákveðin spor í þessum efnum, þótt margt hafi breyst síðan þá. Breyttir tímar hafa kallað á breytt samskipti aðila vinnumarkaðar við ríkisstjórn, sem verið hafa ákaflega farsæl um langt árabil. Fyrir 15-20 árum var gildistími kjarasamninga gjarnan hálf til eitt ár, enda fjaraði iðulega undan þeim samningum af völdum verðbólgu og gengisfellinga. Árið 1990 var það forsenda fyrir gerð kjarasamninga, að aðilar vinnumarkaðarins tækju höndum saman við stjórnvöld um mótun nýrrar efnahagsstefnu. Ný markmið um þróun verðlags og gengis krónunnar voru þar efst á blaði, en jafnframt var stjórnvöldum ætlað að hafa afskipti af ýmsum öðrum málum, jafnt stórum sem smáum. Slík afskipti samningsaðila af grundvallaratriðum í hagstjórn, þar sem settur var fram langur listi atriða um nauðsynlegar aðgerðir að mati aðila vinnumarkaðar, heyrta sem betur fer sögunni til.

Frá árinu 1990 hefur smám saman dregið úr kröfum samningsaðila á hendur stjórnvöldum við gerð kjarasamninga og hefur beint framlag þeirra að sama skapi minnkað. Síðasta áratuginn hafa samtök atvinnurekenda ekki haft uppi neinar sértækar kröfur gagnvart ríkisvaldinu í tengslum við kjarasamninga, og er það til vitnis um þær miklu skipulagsumbætur, sem orðið hafa á efnahagsstjórninni hér á landi á þessum tíma. Sá árangur, sem náðst hefur í þessum efnum frá upphafi síðasta áratugar, er einstæður í sögu lýðveldisins. Engum blöðum er um það að fletta, að stefnubreytingin í samningsgerð á almennum vinnumarkaði hefur borið ríkulegan ávöxt og hafa landsmenn allir notið góðs af. Að fenginni reynslu hljóta menn að vera sammála um, að það eigi að vera hlutverk framkvæmda- og löggjafarvaldsins að móta almenna umgjörð fyrir efnahagslífið, sem aðilar vinnumarkaðar taka mið af við gerð kjarasamninga, og því stöðugri sem sú umgjörð er, þeim mun varanlegri kjarasamninga á að vera unnt að gera, sem aftur styður við stöðuga stjórn efnahagsmála.

### **Skattabreytingar**

Því ber að fagna á þessum vettvangi, hve ríkur skilningur hefur verið á því á löggjafarþinginu að búa atvinnulífinu traust starfsumhverfi. Ríkt hefur skilningur á mikilvægi þess að búa atvinnulífinu samkeppnishæft skattaumhverfi og aukið frelsi til athafna, svo og á kostum einkavæðingar, og hafa stór skref verið stigin á þessum

sviðum undanfarin ár. Áfram verður væntanlega haldið á sömu braut og nú hyllir senn undir sölu Landssímans.

Frekari breytingar á skattalöggjöfinni munu jafnframt vera á döfinni, og er nú horft til þess að draga úr skattlagningu matvæla. Samtök atvinnulífsins styðja þau áform og hafa ásamt aðildarfélögum samtakanna bent á leið í þeim efnum, sem þau telja skynsamlega og heilladrjúga. Sú leið felst í þeirri skýru framsetningu að setja öll matvæli í sama þrep virðisaukaskatts og fella af þeim vörugjöld, samtímis því sem ákvörðun yrði tekin um lækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts á matvæli, sem nú er 14,0% í flestum tilvikum. Vörugjöld í fjölmörgum mismunandi flokkum eru nú lögð á matvæli og er innheimta þeirra varlega áætluð um 1,5 milljarðar króna. Á vörugjöldin leggst síðan virðisaukaskattur, ýmist 14,0% eða 24½%, og gefur augaleið hvílkri verðstýringu og bjögun á verðmyndun matvæla slík skattheimta veldur.

Það væru mikil mistök og gagnstætt alþjóðlegri þróun að viðhalda ójafnræði í skattlagningu matvæla með því að nota ekki tækifærið við fyrirhugaða breytingu og afnema vörugjöld samhliða lækkun á álagningu virðisaukaskatts. Samtök atvinnulífsins, ásamt fjórum samtökum, sem sinna framleiðslu, innflutningi, dreifingu og sölu matvæla, beina því eindregið til stjórnvalda að grípa tækifærið og hverfa frá margföldu kerfi neysluskatta á matvæli.

### **Eftirlit með atvinnustarfsemi**

Nýlega var kynnt skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um kostnað og ábata af svokölluðum eftirlitsiðnaði á Íslandi, sem unnin var að beiðni forsætisráðuneytisins. Beinn heildarkostnaður fyrirtækja á Íslandi við að framfylgja eftirlitsreglum er samkvæmt skýrslunni talinn nema um 7,2 milljörðum króna á verðlagi ársins 2003.

Úttekt þessi á eftirlitsverkefnum ríkisstofnana er áhugaverð og virðist ljóst, að á þeim sviðum má ná fram verulegri hagræðingu. Hún minnir líka á mikilvægi þess, að menn geri sér grein fyrir þeim mikla kostnaði, sem oft fylgir kröfum í nýjum lögum og reglugerðum. Þar er oft um að ræða innleiðingu á EES-reglum, og hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað lagt á það áherslu, að við slíka innleiðingu verði fyrirtæki ekki fyrir kostnaði umfram það, sem beinlínis leiðir af reglunum sjálfum, og að nýtt sé það sviðgrúm, sem þær gefa til aðlögunar að þörfum og hefðum á hverjum stað. Dæmin sýna því miður hið gagnstæða, að rík tilhneiging sé til þess við vinnslu lagafrumvarpa og reglugerða að bæta við EES-regluverkin lítt rökstuddum viðbótarkvöðum á atvinnulífið.

Afar mikilvægt er, að eftirlit með atvinnustarfsemi sé skilvirkt og að framkvæmdin sé samræmd og eins einföld og frekast er kostur. Sú er því miður óþarflega oft ekki raunin, þótt almennt megi telja íslenska stjórnslu skilvirka í samanburði við það, sem þekkist víða annars staðar. Síðar á fundinum mun framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins kynna nýja skýrslu samtakanna um eftirlit með atvinnustarfsemi hér á landi, þar sem kynntar verða tillögur til úrbóta. Þær eru bæði almenns eðlis og studdar umfjöllun um eftirlitsumhverfi tiltekinna atvinnugreina.

### **Jafnréttismál**

Jöfn staða og jöfn tækifæri kvenna og karla hafa verið í umræðu undanfarin misseri sem aldrei fyrr. Af hálfu Samtaka atvinnulífsins hefur ítrekað verið bent á það, að ekkert fyrirtæki geti haft hagsmuni af því að mismuna starfsfólki sínu eftir kynferði. Að velja ekki þann hæfasta eru einfaldlega slakir stjórnunarhættir, sem ekki skila árangri á samkeppnismarkaði. Hagur atvinnulífsins er því ótvírætt fólgin í því, að allir starfsmenn fái notið eigin verðleika og jafnra tækifæra til starfa og starfsþróunar óháð kynferði.

Árangri á sviði jafnréttismála í atvinnulífinu verður fyrst og fremst náð með því að horfast í augu við þann félagslega veruleika, að ennþá bera konur almennt meiri eða öllu heldur víðtækari heimilisábyrgð en karlar. Þótt margt hafi sem betur fer áunnist á því sviði, þá þarf að beina sjónum að viðfangsefnum, sem auðveldar fólki að jafna heimilis- og fjölskylduábyrgð kynjanna. Vetrarfrí og skipulag starfsdaga í skólum eru dæmi um samfélagsþætti, sem bitna verr á konum en körlum. Er mikilvægt að líta til slíkra og viðlíka þátta í samfélagsmyndinni í því skyni að skapa skilyrði fyrir bæði kyn til þess að njóta jafnra möguleika. Á þessu sviði er verk að vinna, sem stuðlað geta að auknu jafnrétti karla og kvenna.

### **Fjárfesting í atvinnulífi**

Ég gat þess í upphafi máls, hversu mikið hefur áunnist í íslensku efnahagslífi á tiltölulega skömmum tíma. Fagna ber þeim umfangsmiklu umbótum, sem orðið hafa á íslensku efnahagslífi, þeim mikla krafti, sem aukið frelsi hefur leyst úr læðingi, og djörfung í sókn á erlenda markaði. Á sama tíma má ekki gleymast, að treysta þarf hag innlendra framleiðslufyrirtækja, og tryggja verður nýbreytni og nýsköpun í framleiðslustarfsemi innanlands, þar sem árlega þarf að skapa um 2000 ný störf í atvinnulífinu. Það hefur ekki tekist undanfarin ár, þrátt fyrir nokkurn hagvöxt.

Áður var vikið að háu raungengi á mælikvarða launa og slæmum áhrifum þess á samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu og þjónustu. Hætt er við, að mikill tímabundinn hagvaxtartoppur, sem byggir á miklum viðskiptahalla, rýrir afkomu og dregur úr eðlilegum vexti þeirra framleiðslugreina, sem fyrir eru, muni leiða til verulegs samdráttar, þegar fjárfstingarskeiði lýkur. Því er brýnt, að efnahagsstjórnin stuðli að því að treysta almenn rekstrarskilyrði, þannig að eðlileg afkoma starfandi framleiðslu- og þjónustufyrirtækja verði tryggð. Hátt raungengi kemur einnig og ekki síður í veg fyrir, að ýmsir fjárfestingarkostir verði að veruleika, þar sem arðsemi þeirra er óásættanleg. Er brýnt að búa svo um hnúta, að íslenskir fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir geti fundið sér farveg til fjárfestingar í innlendum framleiðslufyrirtækjum.

Hreinar eignir lífeyrissjóða nema nú álíka hárrí fjárhæð og landsframleiðsla eins árs, eða um 820 milljörðum króna. Ráðstöfunarfé þeirra er hátt í 300 milljarðar króna á ári. Framlög í lífeyrissjóði eru meginuppistaða í sparnaði landsmanna og þarf árlegur sparnaður og vaxtagreiðslur að finna sér farveg í fjárfestingum, sem bera góðan arð. Undanfarið hefur skapast ójafnvægi milli hins mikla ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna og þeirra fjárfestingarkosta, sem bjóðast á innlendum markaði. Því miður hefur fjárfestingarkostum fækkað á íslenskum hlutabréfamarkaði með fækkun skráðra félaga. Fækkun fjárfestingarkosta hefur meðal annars að líkindum leitt til þess, að verð hlutabréfa hefur hækkað mikið og beint fjármunum í auknum mæli að erlendum

verðbréfum. Það er áhyggjuefni, ef ekki finnast nægileg tækifæri til fjárfestingar hér innanlands fyrir sparnað landsmanna, því öflugur heimamarkaður er grunnur nýsköpunar starfa og útrásar á erlendan markað. Að frátöldum stóriðjuframkvæmdum hefur fjárfesting dregist saman í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum. Því er afar brýnt að snúa við.

Á vettvangi SA hefur verið fjallað um ýmsa þætti í starfsemi lífeyrissjóðanna á liðnu starfsári. Má þar nefna réttindakerfi og ávinnslu lífeyrisréttinda, en ákveðið var í tengslum við kjarasamningana í mars síðastliðnum, að Samtök atvinnulífsins, ASÍ og stjórnvöld myndu fjalla formlega um þau mál á þessu ári. Þá hefur verið fjallað um stjórnarhætti sjóðanna, fjárfestingarstefnu og aðkomu þeirra að stjórnnum þeirra fyrirtækja, sem þeir fjárfesta í. Ljóst er, að ætla verður lífeyrissjóðunum stórt hlutverk í uppbyggingu íslensks atvinnulífs í náinni framtíð. Mikilvægt er, að þeim verði mótaðar starfsreglur, sem gera þeim kleift að sinna því hlutverki, án þess að um það verði átök milli hagsmunahópa. Meðalvegurinn er vandrataður í þessum efnum, en afar brýnt er að marka skýrari línur í þeim efnum en nú eru fyrir hendi.

### **Frelsi fylgir ábyrgð**

Mikil umræða hefur verið um íslenskt atvinnulíf á undanförunum misserum og nú síðustu mánuði um stjórnarhætti fyrirtækja, siðferði í viðskiptum og traust almennings til stjórnenda í atvinnulífinu. Umræðan fylgir í kjölfar mikilla breytinga, sem orðið hafa í viðskiptalífinu, þar sem aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðing ríkisfyrirtækja hafa leyst mikinn kraft úr læðingi. Auknu frelsi fylgir mikil ábyrgð og miklum breytingum fylgir óhjákvæmilega nokkurt umrót og er mikilsvert að missa ekki sjónar á meginatriðum við slíkar aðstæður. Því hefur ítrekað verið haldið fram undanfarna mánuði, að fyrirvarsmenn í íslensku viðskiptalífi hafi ekki kunnað til fulls að fóta sig í því frjálsræði, sem atvinnulífinu hefur verið búið. Það er miður, að slík sjónarmið skuli uppi, og gefur það vissulega tilefni til þess að staldra við og íhuga, hvort fullyrðingar þess efnis eigi við rök að styðjast. Ég leyfi mér að fullyrða, að svo sé almennt ekki. Í ljósi umræðunnar er þó rétt að líta grannt í eigin garð. Stjórnendum í atvinnulífinu er ljóst, að þeir verða að ganga í takt við þjóðina. Þegar stór skref eru stigin, verður á tímamótum að staldara við, jafna bilið, ef tilefni er til, og ganga samstíga til nýrra verka – ella skiljast leiðir.

Forystumönnum samtaka í íslensku atvinnulífi er ljóst mikilvægi þess, að viðskiptalífið eigi frumkvæði að því að styrkja umgjörð atvinnulífsins. Liður í því er að treysta reglur í samskiptum, sem stuðla að góðum stjórnarháttum. Til þess að bregðast við framangreindri umræðu hafa Samtök atvinnulífsins meðal annars tekið höndum saman við Verslunarráð Íslands og Kauphöll Íslands um útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Markmið útgáfunnar er að stuðla að góðum stjórnarháttum og er leiðbeiningunum ætlað að skýra hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda í íslenskum fyrirtækjum og auðvelda þeim þannig að rækja skyldur sínar.

Traust almennings til fyrirtækja hefur jafnframt verið mjög í umræðu í ýmsum nágrannalöndum okkar undanfarin misseri, jafnt vestan hafs sem austan. Þetta á ekki síst við um Svíþjóð, þar sem umræðan hefur risið hátt síðustu mánuði, meðal annars í kjölfar umdeilda kaupréttarsamninga við stjórnendur fyrirtækja. Samtök atvinnulífsins í Svíþjóð hafa unnið viðamikil starf í þessu sambandi. Þau hafa meðal

annars samþykkt leiðbeinandi reglur um greiðslur til stjórnenda fyrirtækja og í marsmánuði síðastliðnum héldu þau mikla ráðstefnu um leiðir til þess að efla traust almennings til fyrirtækja. Gestur aðalfundar okkar í dag er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í Svíþjóð, og hefur hann gegnt lykilhlutverki í þessu starfi samtakanna. Hann mun hér á eftir flytja erindi um leiðir til þess að efla traust almennings á atvinnulífinu og verður fróðlegt að heyra framlag hans til umræðunnar. Atvinnulífinu ber að taka frumkvæði og leggja sitt af mörkum til þess að efla traust almennings til fyrirtækja og stjórnenda þeirra.

-----

Góðir fundarmenn

Mér hefur orðið tíðrætt um góð samskipti við stjórnvöld um málefni vinnumarkaðarins og þá miklu framþróun, sem orðið hefur í starfsskilyrðum atvinnulífsins undangenginn einn og hálfan áratug. Megintilgangur umbóta í íslensku atvinnulífi er að leggja grunn að bættum lífskjörum þjóðarinnar og eru þær þannig gerðar með heildarhagsmunum í huga fremur en í þágu fyrirtækja sérstaklega.

Einn maður hefur setið í öllum ríkisstjórnnum þennan tíma. Það er oddviti þeirra, ræðumaður okkar hér í dag, Davíð Oddsson, forsætisráðherra. Öll þau ár hefur hann ekki brugðið út af þeirri venju, að forsætisráðherra gefi sér tíma til þess að flytja ávarp á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins og forvera þeirra. Þar sem Davíð Oddsson mun láta af starfi forsætisráðherra þann 15. september næstkomandi, er það nú í síðasta sinn í þessum áfanga a.m.k., sem hann ávarpar okkur sem forsætisráðherra á aðalfundi. Ég vil því ljúka máli mínu með því að þakka fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins Davíð Odssyni góð samkipti og þá forystu og liðveislu, sem hann hefur veitt mörgum helstu framfaramálum í íslensku samfélagi á þessum tíma.